

Gert 31 júlí 2015.

Konráð Rúnar Friðfinnsson tók saman.
Texti KRF, nema þar sem annað er tekið fram.
Sumar myndanna eru eign höfundar, aðrar ekki.

Hugsanlega verður frásögn þessi svolítið sundurslitinn og verður bara að hafa það. Aðalatriði er að veita lesandanum smá innsýn inn í part af æfi höfundar úr því að þessi leið var valin að segja söguna. Einnig er reynt að lýsa vettvangi. Allir sjá umhverfi sitt eigin augum og misjafnt hverju fólk veitir athygli. Höfundur reynir að nálgast viðfangsefnið heiðarlega en minnir á að um hálf öld sé liðin frá elstu atburðum og hann ekki maðurinn sem haldi dagbók og verði að styðjast við minnið og ljósmyndir, séu þær að finna. Smá aðdragandi sem vonandi útskírir sitt fyrir mönnum. Hefjum nú frásöguna.

Hestar í gamla daga.

Ekki mann ég lengur aldurinn þegar ég fyrst fór að annast um hesta í Hafnarfirði en reikna með að hafi verið um 1965 og ég við 11 ára aldurinn. Mann samt vel aðdragandann að öllu þessu og var með þeim hætti að græn Moskvits bifreið árgerð 1964, muni ég rétt, á G-númerum renndi upp að mér þar sem ég var á gangi vesturfrá, eins og sagt var í þann tíð af okkur vesturbæingum sem bjuggum vestan lækjar og gildi eftir að Garðavegi sleppti og vegurinn í átt að Garðaskóla og Garðakirkju framundan. Þetta hét að fara “ Vestur eftir. “



Mynd. Á myndinni til hliðar sést hesthúsið í hrauninu og er það við hlið mjóa hússins alveg neðst. Víðistaðir eru húsin á miðri mynd og þar fyrir ofan Sláturhús Hafnarfjarðar. Veidafærageymsla Bæjarútgerðar Hafnarfjarðar er langa húsið. Þar framhjá liggur Hjallabraut.

Sem sagt að þá nam Moskvits bifreiðin staðar við hlið mér, bílrúðan bílstjóramegin skrúfaðist niður og bílstjórinn átti við mig orðastað og við þá staddir gegnt Víðistöðum sem var lítið hvítt timburhús sem búið var í á þessum tíma og hægra megin og nokkra metra frá vegastæðinu vestur eftir, Sláturhús Hafnarfjarðar stóð á hæðinni beint upp af bæ þessum í segjum fimm hundruð metra fjarlægð, Víðistaðakirkja stendur þar sem sláturhúsið áður stóð.

Við bæ þennan stóð lengi ævagömul vörubifreið sem öðru hvoru vélin var gangsett í og olli slíkum hávaða í gangi að engu var líkar en að þriðja heimstyrjöldin væri hafinn. Þessi bíl er skilst mér á safni í dag. Sem er gott mál. Enda með fyrstu vörubifreiðum í Hafnarfirði.

Á vinstri hönd meðfram vegi þessum, í átt að Flóanum, sjónum, var svolítið tún sem áburður var borinn á og það slegið á sumrum og mátti oft sjá þar litlar heysátur í tugum taldar dreifðar um allt þetta tún eins og til siðs var er kom að frágangi fullþurrkað heys um slátt á Íslandi væri regns von og ekki tók á að koma töðu í hlöðu og ekki neitt annað í stöðunni en að geyma það þarna yfir nótt - í kannski ótryggu veðurútliti. Uppsettar heysátur höfðu sinn vissa sjarma í umhverfinu og líka gagn með því að verja sig ótrúlega vel í regni eftir að búið var að móta þær og strengja striga yfir en þurfti samt að dreifa úr eftir ofankomu og þurrka


áður en taðan var hirt og borinn í hlöðu. Að vísu gildi þetta ekki á meðan ég var við hlið Moskvitsins af því að komin var vetur og hestarnir nýlega komnir í hús, sem mig minnir að væri í kringum jól, eða fljótlega upp úr áramótum. Þó má vera að þetta samtal sé á öðrum árstíma og nær vorinu. Held að hestar í dag komi fyrr úr hagabeitinni í hús.

Allt þetta umhverfi sem hér er lýst vesturfrá er breytt í dag og óþekkjanlegt frá þessum tíma og því brýnt að gera tilraun til að lýsa í fáeinum orðum aðstæðum og gera með einhverjum skiljanlegum hætti til að fólk sé höfundu betur samferða. Allt gagnlegt og líka skemmtilegt að vita hvernig eitt og annað var. Landið er sem sagt þarna ennþá en óþekkjanlegt og svona lýsingar mörgum mannum sjálfsagt framandi og ókunnugar en samt á sinn hátt gagnlegar.

Þess má geta, svona til að draga þetta örlítið nær samtímanum, að tún þetta sem hér er nefnt og slegið á sumrum er í dag tjaldstæðið í Hafnarfirði sem menn og konur bæði útlent fólk og innlent getur komið við á og reist sín tjöld og búnað. Oft eru þarna nokkur tjöld og fólk sem hefst við í þeim um tíma þó ekki sjáist þar lengur heysátur né fólk með hrifur að snúa töðu eða raka henni saman í garða sem á eftir er ýtt saman með heykvíslum og bornar á höndum og búnar til þessar frægu heysátur sem einkenndu sveit og bæ margan. Þó er líklegt að vél hafi verið með í verkinu og notuð til að slá grasið og snúa og raka saman er hér er komið sögu og mannshöndin komið að gerð heysátanna einna. Þó ekki yrði maður vitni að vél vinna þessi verk er það samt líkleg niðurstaða og öll hrífuvinna mikið til úr sögunni og vélvæðing að mestu tekin yfir. Gamli tíminn og handaflíð eitt vikinn fyrir öðrum vinnubrögðum. Þó maður minnst engrar dráttavélar þarna segir það ekkert um hvort svo hafi verið eða ekki. Enda ekki alltaf á staðnum til að fylgjast með og spildan ekki stór og fljótunnin á vél og kannski klukkutíma verk í mesta lagi. Oft kom maður samt við þarna. Enda í næsta nágrenni við manns helsta leiksvæði og okkar félaganna og stutt orðið eftir í fiskhjallanna og hraunið sem mest allt er komið undir byggð í dag og bara smá spilda eftir ofan við vestasta hluta Herjólfsgötu. Sett til frekari staðsetningar og lýsingar þessu svæði.

Nú sjáum við að samtalið ætlar að verða sundurslitið og tætt en tókum því öllu saman með stóískri ró hafnfirðingsins.

Áfram með söguna.



Mynd. Hér sést túnið sem getið er um og var slegið á sínum tíma og hirt af. Líklegt er að þegar mynd þessi er tekinn sé allur heyskapur aflagður. Brekkan sem sést heitir Garðavegur.

Bílstjóri grænu Moskvits bifreiðarinnar stöðvar við hlið mér og spyr hvort ég sé ekki tilbúinn til að moka út fyrir sig úr hesthúsinu sem hann sé með þarna í hrauninu fyrir neðan undan fjórum eða fimm hestum sem hann sé með á fóðrum, og bendir fingri í áttina að þessum húsum sem ekki sáust þar sem við vorum

niðurkomnir en ég þó vissi hvar voru staðsett. Í þetta var ég til og mætti þangað líklega næsta dag og vann verkið sem um var beðið. Þarna hófst mín hestamennska fyrir alvöru og stóð næstu ár og til ársins 1972 eða 1973 máski lengur en þó ekki mikið lengur.

Áður en að samtali þessu kom var maður þó örlítið farinn að stússast kringum hross og gerðist á hestaleiga út á Bala, en Bali er bújörð skammt frá Garðakirkju og með fyrstu hestaleigum á Íslandi. Jörðin Bali er nú í eyði. Á hestaleigunni á Bala voru um tíu hestar sem hægt var að leigja sér gegn ákveðnu gjaldi og í ákveðin tíma. En þangað vöndum við strákarnir í vesturbænum um tíma komu okkar og hjálpuðum til á staðnum og fengum annað veifið að skreppa á hestbak, væri rólegt í leigunni. Hestaleiga var einnig rekin á Hrísbú í Mosfellssveit. Eftir öðrum mann höfundur ekki frá þessum tíma.

Sem sagt við guttarnir fengum stundum að nota hrossin á Bala og mann ég eftir einni slíkri ferð og ég þá einsamall á mínu hrossi. Hesturinn sem mér stóð til boða var bleikur klár og sem og Bleikur hét. Þegar við erum komnir af stað og út á aðalveginn með stefnuna í átt að Hafnarfirði byrjaði klárinn skyndilega að hneggja þar sem hann brokkaði þarna á veginum eins og engin væri morgunndagurinn. Knappinn vissi ekki hvaðan á sig stóð veðrið né hví hesturinn léti svona og vatt sér af baki og skoðaði hrossið hátt og lágt, til að fullvissa sig um að allt væri í lagi. En fann vitaskuld ekkert og steig aftur á bakk og sló í. Eftir nokkra metra brokk gerist sama og með sömu viðbrögðum knapa. Ekkert athugavert kom heldur í ljós við

Þessa skoðun og engin meiðsli né neitt þess háttar sýnileg. Í þetta skipti ákveða knapinn að sleppa reiðtúrnum og ganga með hrossið í taumi til baka. Tók engan séns á að stíga aftur á bak. Hvað gerðist veit ég ekki. Eina sem kemur upp í hugann er sú vitund að hross eru félagsverur miklar og að honum Bleik mínum hafi bara leiðst einveran og viljað félagskap annarra hrossa og byrjað að kalla eftir henni. Einnig er mögulegt að hrossið hafi séð eitthvað framundna sér sem kallaði viðbrögð þessi fram. Allavega er ferðin eftirminnileg höfundu og smá fyndin líka í svona minningunni og ágæt merki um hvernig reynsluleysi fólks bregst við. Og menn læra.

Nóg um það að sinni.

Líklegt er að áður en staðurinn þarna í hrauninu, fyrir neðan veiðarfærageymslu Bæjarútgerðarinnar, var leigður undir hross hafi verið þar einhverskonar aðstaða fyrir bifreiðar því að dyr á þessu húsi, sem voru samtals fjórar, voru stórar og víðar eins og gerist þar sem bifreiðar eru hafðar og bentu til slíkrar aðkomu. Þá sögu bara þekki ég ekki né heldur heyrði neitt um í mín eyru svo ég muni. Á þessum tíma var hesthúsið staðsett þar sem stóru hurðirnar voru og skipt með básum í miðjunni og var hlaðan hinum megin við og hestagreyjunum svo gefið í hádeginu og á kvöldin og vatnað jafn oft. Skilst reyndar að í dag sé til síðs gefa einu sinni á dag en var ekki í þann tíð heldur tíðkuðust tvær gjafir daglega.

Hesthús þetta tilheyrði tveim öðrum byggingum. Við hlið hússins sem hestarnir voru hýstir, í vesturátt, stóð áföst hlaða og við hlið hennar önnur bygging einnig áföst hlöðunni sem líklega geymdi fé á sínum tíma, á þessum tíma var ekki óalgengt að menn hýstu og fóðruðu kindur í landi Hafnarfjarðarbæjar, eins og reyndar var algengt víðast hvar á byggðum bóllum á Íslandi og hélst framundir árið 1980 og lengur þó skipulag Hafnarfjarðar sé komið og geri ráð fyrir að allir þessir kofar hverfi úr bæjarlandinu og hestar sem dreifðir voru í landi bæjarins flytjist fyrir ofan "kirkjugarðinn í bænum". Kirkjugarðurinn var yfirleitt nefndur í sömu andrá til viðmiðunnar. Til að byrja með gátu menn flutt sín hesthús þangað og var eitthvað um að slíkt væri gert. Voru sum hesthúsanna í notkun ekki beint til slíkra flutninga búin og mörg af þeim í aumlegu ásigkomulagi og verður víst að segjast eins og er að var. "Kofadrasl" voru þau stundum kölluð. Líklegt er að flest þessara húsa, kofa, hafi verið rifin.

Hvað um það að þá kom að því að allar þessar byggingar þarna í hrauninu og fyrir neðan veiðarfærageymsluna væru teknar undir hross og hlaðan sem stóð í miðjunni nýtt undir það sem hún var smíðuð fyrir og fyllt á sumrum heyi og nægu fóðri til metta þessi tólf þrettán hross yfir veturinn og hægt að komast inn í hlöðuna úr hvorri byggingu fyrir sig og gefa á garðann.

Á þessum árum voru hestarnir mín ær og kúr og naut ég þess að gera það sem ég gerði og tel mig heppinn ungan mann að hafa þessa stöðu sem þá var uppi og mikið þakkarefni fyrir þennan unga hafnfirski mann sem lifði svo sem ósköp venjulegu lífi og líku því sem gekk og gerðist hjá öðrum jafnöldrum hafnfirskum nema kannski því að geta varið svo miklum tíma með og innanum öll þessi hross sem kannski var ekki á allra færi að gera og áhuginn misjafn, sem raunar er lyklatríði til að hafa gaman að svona stússi. Afskaplega þroskandi og gott tímabil í lífi höfundar.

Mín gleði fólst mest í að annast um skepnurnar, kemma þeim, klappa þeim, moka undan þeim. Svona ykkur að segja gaf nákvæmlega þessi vinna mér meiri skemmtun heldur en að fara á bak, sem þó hafði sitt vægi. Og hitt, sem þið megið engum segja frá, að þá var höfundur á þessum tíma smá smeykur við hestbakið vegna svo sem gildra aðstæðna. Oft voru á fóðrum hross sem létu illa og sum slæg, eins og sagt er, sem maður varð að standa klár á. Skilst að svona skepnum sé fargað í dag. Þetta er á sinn hátt hægt að skilja vegna beinlínis slysaþættu. Hestur sem sparkar gefur þungt högg. Enda öflugt dýr.



Mynd. Kunnuglegt svæði öllum sem muna. Húsið sem blasir við yfir fiskhjallann var harðfiskverkun á tíma frásögunnar. Þar sem húsið er og þvert á veginn sem sést liggur Hjallabraut en malarvegurinn vegurinn sem liggur til Garðakirkju og Garðaskóla. Garðavegsbrennan var þarna ofar til hægri og rétt hjá. Vegur þessi er ekki lengur til en tekur við örlítið vestar.

Eina sögu get ég sagt frá þessum tíma og er um jarpan klár sem sýndi oft viðbrögð er menn nálguðust og átti til að lyfta upp á sér afturendanum og hoppa á básnum án þess þó að sparka. Eitt sinn var ég fyrir aftan hann að sýsla eitthvað að vinurinn byrjar að hoppa og í þetta skipti sparkaði hann og lyfti mér á loft. Báðar afturlappir hrossins lentu undir sitt hvorum handarkrika mínum og lyftu mér. Allt gerðist á örskotstund án þess að skaða mig á neinn hátt. Mjög eftirminnilegt og viljandi gert hjá skepnunni að slengja afturlöppum sínum þar sem þær lentu og gefa kauða aðvörun um að vera ekkert að þvælast þarna. Ekki minnst ég annars tilviks hvað þessa skepnu áhrærir og líklegt að maður hafi ekki gefið henni annað færi og haldið sig eftirleiðis í hæfilegri fjarlægð. Að vera með svona hross á húsi var ekki óalgengt á þessum

tíma. Oft til komið vegna örra breytinga á hestæign manna gegnum hestakaup og er máski enn.

Um hestahræðsluna er það að segja að hún smá saman rjátlaðist af manni og hvarf að lokum alveg.

Ekki var samt allt fullkomið og endalaus sæla sem þá átti sér stað. Heima hjá mér kvörtuðu mínir elskulegu samherjar stundum undan hrosslykt af hesthúsamanninum, sem maður vitaskuld bar með sér heim og óhægt um vik að forðast. Þetta höfðu ýmsir heima oft nokkuð um að segja og komu með ráð inn í aðstæður sem taldar voru duga. Eitt ráðið var að hafa fataskipti og vera með sérföt sem maður færi í á meðan í hesthúsinu væri og kæmi svo heim í öðrum fötum. Öll svona fataskipti voru sínum erfiðleikum bundin af auðvitað aðstöðuleysinu í hesthúsinu og samfestingæign manna ekki hið algenga, þó annað sé uppi núna. Ekki svo að skilja að fólkið hafi ekki haft nokkuð til síns máls og auðvitað var maður sér meðvitaður um að hrossalyktin loddði við föt manns. Allir þekkja þetta sem á annað borð umgangast hross og aðrar skepnur. Allt hefur þetta sína sérstöku lykt og verður víst seint með öllu hægt að afstýra svoleiðis löguðu og sérstaklega á þeim tíma þegar öll loftræsting hesthúsa var fráleit efst á lista hestamanna og sumir þessara skúra sem hýstu hesta allavega lagaðir og smíðaðir og möguleikar til að opna glugga í þeim allavega og öfugt við það sem í dag gildir þar sem loftræstistokkar liggja um húsakynnin þver og endilöng sem soga og auka

möguleika á öllum loftskiptum. Verið er að tala um verulega breytta tíma hvað öll svona mál áhrærir sem "kofarnir" hvort sem var í hrauninu eða annarstaðar í landi Hafnarfjarðar gátu ekki uppfyll. Reyndar var ekki mikið verið að amast yfir svona lönguðu hjá alltént hestamönnum sjálfum. Var mórall allur annar en nú. Samt má fullyrða að ekki væsti neitt um hestagreyin og að þau fengið nóg að bíta og brenna og einstaka brauðmola á milli mála og kjarnmikið fóður úr poka og endalaust klapp á ennið.



Mynd. Húsið lengst til hægri er hesthúsið sem höfundur eignaðist við annan mann og var með eigin hesta í um tíma. Við hlið þess vinstra megin er kindakofi sem Siggi matsmaður hafði í kindur og varð svo hesthús. Fyrir aftan þessi hús, langa húsið, er hæsnahús sem þó má vera að sé orðið hesthús er myndir er tekin. Húsabyrpingin til vinstri er hæsnahúsið sem Steini Atla rak þarna í mörg ár. Á lóð hesthússins er nú Skátaheimili Hafnarfjarðar.

Nokkrum árum seinna eignaðist ég minn fyrsta hest eitthvað sjö eða níu vetra gamlan fulltaminn klár jarpan en eitthvað lungnaveikur greyið sem kom fram í úthaldsleysi og mæði í hvert sinn sem honum var riðið og gerði í raun óbrúklegan. Oft á kvöldin og eftir að hrossin voru komin í hús var lagt á og riðið frá hesthúsinu og að Garðaskóla og áð þar stutta stund og svo haldið aftur til baka. Þetta er ekki löng leið og kannski tveir kílómetrar aðra leiðina en samt of langt færi maður á Jarpi sínum gamla því að ferð lokinni blés hann eins og heilbriggt hross máski gerir eftir dags ferð. Til að byrja með var hrossið viljugt og sprækt en dró afskaplega fljótt úr kraftinum. Jarpur þessi var í minni eigu í nokkur ár. Ekki minnst ég þess að neitt bæri á þessu væri hrossið haft með í taumi, tvo, þrjá til reiðar, en undir eins og lagt var á og maður steig á bak gekk það aðeins skamma stund. Allan tímenn var heilsu hans með þessum hætti farið. Merkilagt.

Eins og viðgegnst í dag í hestamennskunni var í kringum þetta í þann tíð líka afskaplega góður félagsskapur og mikil og góð vinátta sem ríkti meðal hestafólks og er á sinn hátt merkilegt fyrirbrigði og líka heillandi. Um þetta er fólk sammála. Hvenær það hófst og lagðist af að hafnfirðingar fylktu liði á sunnudögum og riðu hópreið frá Hafnarfirði til Fákshéimilisins í Reykjavík eftir Flóttamannaveginum mann höfundur ekki en þessi ágæti siður viðgekkst á þessum tíma sem höfundur var að stússast innanum hestanna og fór marga svona reiðtúra yfir til Fákshéimilisins í Reykjavík og drakk þar kaffi með hópnum.



Mynd. Höfundur Konráð Rúnar Friðfinnsson á góðum degi um 1974 og hestarnir allir farnir til nýrra eigenda og aðrir teknir við húsinu. Á bak við hann er bílaleigubíll sem stundum var leigur í inniverum á bílaleigu sem staðsett var ofarlega á Norðurbraut og við hlið Bílaverkstæðis Hafnarfjarðar, sem rekið var í ártugi og má vera að sé en starfrækt árið 1974.

Hve fjölmennir hóparnir voru mann höfundur ekki en oft var þar margt um manninn og mættu þeir sem vildu og aldrei neitt gert til að ýta á menn og konur að koma, svo ég muni. Allir með hesta bara vissu um þessar ferðir og hvenær farið yrði og hvar menn kæmu saman og komu sér þangað sem var Sörla húsið fyrir neðan kirkjugarðinn. Og eftir

Flóttamannveginum fóru allskonar hross og í allskonar veðrum. Sum hrossanna voru reist og

full vilja, önnur hengdu haus og með knapa á baki sér sem lappirnar á gengu stöðugt í síðu hestsins til að ekki stöðvaðist hann heldur héldi í við hópinn en samt gaman og eftirminnilegt og áreiðanlega öllum sem eftir muna og fóru þessar ferðir. Og allir komu klakklaust heim vanalega um kvöldmatarleitið.

Á þessum árum var úthagi hafnfirskra hestamanna mikið Krísuvík og slepptu menn hrossunum þar á vorin og eftir að haginn var nógu vel sprottinn til að fýðra þennan hestahóp, sem var nokkur. Á vorin var oft farin hópferð með hrossin til Krísuvíkur og þeim sleppt þar og var um leið sín skemmtiferð. Á þessum árum er komið bílpróf og ég búinn að eignast minn fyrsta bíl sem var Skódi árgerð 1966 og ágætis bifreið. Á henni fór maður oft yfir til Krísuvíkur og hugaði að hrossum sínum og skrapp jafnvel á bak, væri veðrið gott og sá gállinn á manni. Vandinn við það að vera með svo stóran hrossahóp á einum stað var að á bak við hópinn stóð margt fólk sem var þarna á misjöfnum tímum og gerði að verkum að alltaf var verið að smala hrossagreyjunum í réttina. Vildu menn athuga með sín hross var önnur leið en þessi ekki fær. Hestarnir voru orðnir svo vanir smöluninni að undireins og einhver fór að húa byrjuðu þau greyin að röltu sína leið að réttinni. Þetta auðvitað einfaldaði málið fyrir fólkið en ekki eins víst að hafi gert hestunum neigott, þegar allt kom til alls.

Eftir einum reiðtúr manni ég eftir þarna í Krísuvík er ég ásamt nokkrum öðrum var þar á ferð innan girðingar, svæðið sem okkur hafnfiðringunum var úthlutað var mikið að vöxtum og sín sumpart ævintýraferð að fara um. Við sem sagt lögðum á kláranna og riðum eftir smá fjallgarði sem þarna er þegar hrossið skyndilega tók yfir stjórnina og hljóp eins og fætur toguðu beint af augum niður bratta hlíðina og ég í raun getulaus til neinna verka nema að halda mér á baki, sem lengi vel tókst en á einum stað datt ég og horfði á eftir klárnum hlaupa með ístöð hnakksins dinglandi þarna niður með síðunni á sínu harðastökki og ausandi uns hann hvarf á bak við næsta hól. Ekki var um neitt annað að ræða nema röltu sér í átt að réttinni sem var þarna spölkorn frá. Sögðust þeir sem voru með mér sjá um að finna hrossið. Sem þeir og gerðu, enda vænir menn. Mig minnir að ég hafi sest inn í Skódan minn og farið heim undireins og þangað kom. Hrossið fannst skammt frá þessum hól sem ég sá hann hverfa á bak við og beit þar hinn rólegasti. Var mér sagt eftir á. Endalok Skóðans voru þau að kvöld eitt um haust líklega 1971 hafnaði hann á ljósaskilti og ekki notaður eftir það. Engin slys urðu á fólki.



Mynd. Þessir heiðursmenn voru með hross í húsinu allan tíman eftir að við eignuðumst húsið og voru þar á meðan það enn fékk að standa á sínum gamla stað og önnuðust Bleik minn uns hann var seldur nýjum eiganda.

Í kringum 1970 keypti ég ásamt öðrum hesthús örlítið ofar en hitt stóð og í grennd við hænsnahúsið hans Steina Atla, sem margir hafnfiðringar muna eftir. Er þar er komið eru hrossin orðin þrjú í minni eigu. Fljótlega eftir að ég eignaðist húsið fór svona að draga úr hestáhuga mínum og maður sjálfur kominn til sjós og ekki eins mikill tími orðið í þetta og var og ýmislegt

annað komið í forgang. Samt hékk maður við þetta svolitla stund í viðbót og sáu strákarnir um að hirða hestanna sem voru með aðstöðu í húsinu og hinn eigandinn sem til að byrja með var hestlaus kominn með einn.

Örlög Jarps gamla og annars klárs í minni eigu, einnig jarpur að lit en nafnlaus og hesturinn sem hljóp með mig niður hlíðina forðum, urðu þau að bíladellan var kominn og stóð mér til boða að skipta á þessum tveim klárum fyrir Simca Ariene bifreið árgærd 1962 sem ég gekkst við og eignaðist með þessum hætti. Verri bílakaup hef ég ekki gert og þótt ég ætti hann í á annað ár voru kílómetrarnir sem maður ók honum sárafáir eins og gerist með bifreið sem neitar að fara í gang og þessi var upptekinn við að gera og gerði helst ekki. Þessi bifreið hvarf úr minni eigu kvöld eitt er maður mér með öllu ókunnugur bankaði og spurði hvort að þessi Simca þarna, og benti á bílinn, væri til sölu. Sem hann sannarlega var og reiddi maðurinn fram 5000 kall, fékk lyklanna og dró burtu. Sjálfur sagðist maðurinn eiga svona bíl og hygðist nota hinn í varastykki.

Þegar þessir tveir hestar voru farnir í skiptum fyrir Simcuna stóð eftir ein ungur hestur sem ég átti í nokkurn tíma og keypti ótaminn og tamdi sjálfur en var að mestu leiti hættur að nota svona undir lokin og seldi og hef frá þeim tíma ekki átt hest né varla komið á hestbak fram á daginn í dag sem er júlí 2015. Enda áhuginn farinn og hefur ekki komið til baka og önnur viðmið í gangi heldur en hestamennska. Svona er lífið að eitt tekur við af öðru. Öllu fólki er eitt mikilvægt. Og það er að kveðja sín tímabil fullkomlega sátt. En það hefur verið mín gæfa gegnum tíðina og fyrir vikið bara átt til góðar minningar sem eftir lifa og gefa sína næringu inn í nútímann. Ætli hann Bleikur minn hafi ekki farið til nýs eiganda í kringum 1973- 1974. Kæmi mér alltént ekki á óvart.

Hesthúsið sem við keyptum og vorum fyrstir með að setja upp kaffistofu í, smá stoltir af því, stóð á sínum stað fram undir árið 1980 en var þá orðið autt, allavega seinasta árið sem það stóð, og þeir sem það notuðu komnir með aðstöðu fyrir sín hross fyrir ofan kirkjugarðinn í Hafnarfirði og eru enn með hross, þó ekki allir sem nýttu hesthús þetta, eftir því sem ég best veit. Okkur var boðið að flytja húsið á lóð þar uppfrá en urðum ekki við. Að endingu kom unglíngavinna Hafnarfjarðar með kúbein og verkfæri og reif húsið niður og fjarlægði spýtu fyrir spýtu okkur að kostnaðarlausu, sem er sitt þakkarefni. Enda byggðin sótt að og Hjalbrautin kominn með alla sína umferð þarna rétt hjá þó húsið stæði talsvert fjarri mannabyggð í upphafi. Verðið sem við greiddum fyrir þetta ágæta hesthús var krónur 80.000 með jöfnum afborgunum í nokkra mánuði. Að endingu skal þess getið að hesthús þetta stóð á sömu lóð og Skátaheimilið í Hafnarfirði reis á og er enn á sama stað.



Mynd. Höfundur Konráð Rúnar Friðfinnsson 31 júlí 2015.

Gert til að gleðja og vonandi líka eilítils fróðleiks.
Kveðja: KRF.
31 júlí 2015